



Þann 1. janúar 2022 tóku á Íslandi gildi ný lög um samþætta þjónustu í þágu **farsældar barna** og í kjölfarið hófst innleiðingarferli sem enn stendur yfir. Lögin byggja m.a. á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og eiga við um öll börn frá 0-18 ára aldurs. Markmið laganna er að stuðla að velferð barna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á, óháð kerfum eða stofnunum.

Samþættri þjónustu er skipt upp í þrjú stig eftir því hversu mikil og víðtæk þjónustubörfin er. *Fyrsta stigs* þjónusta nær yfir grunnþjónustu og einstaklingsmiðaðan stuðning þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun til að fyrirbyggja frekari vanda. Undir *annars og þriðja stigs* þjónustu felast sérhæfðari úrræði á vegum félagsþjónustu og/eða barnaverndar.



Samkvæmt lögnum skulu öll börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í skóla. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og

styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar.

Tengiliðir Grunnskóladeildar Þingeyjarskóla eru:

Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir, stoðteymisstjóri. Netfang: helga@thingskoli.is

Jóhann Rúnar Pálsson, skólastjóri. Netfang: johannrunar@thingeyjarskoli.is

Á eftirfarandi vefslóð www.farsaeldbarna.is má finna nánari upplýsingar um hvað löggjöfin felur í sér og hvert hlutverk tengiliða er. Einnig má sjá [aðgengilegt myndband](#) sem lýsir í stuttu máli því sem lögin fela í sér.

Hafi barn eða forsjáraðilar áhyggjur af stöðu barns og óskar eftir stuðningi eða upplýsingum um þjónustu skal fylla út neðangreint eyðublað og hafa samband við tengilið.

[Beiðni um miðlun upplýsinga](#)

Óski forsjáraðilar eftir að sækja um samþætta þjónustu skulu þeir í samráði við tengilið fylla út neðangreint eyðublað.

[Beiðni um samþættingu þjónustu](#)